

Nr. 8.  
16. febr.

# Lög

um

heimild handa ráðuneyti Íslands til ákvörðunar sjerstaks tímareiknings.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ráðuneyti Íslands heimilast að ákveða með reglugerð breytingu á tímareikningi á Íslandi þannig, að klukkan verði færð fram um allt að  $1\frac{1}{2}$  klukkustund frá svo nefndum íslenskum meðaltíma og verði þá 1 klukkustund og 58 mínútum á undan miðtíma Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 16. febrúar 1917.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

Jón Magnússon.